

Þingskjal 176 - 169. mál
Frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að byggingarsjóðnum verði heimilað að taka lán til að fjármagna endurgreiðslur til ríkissjóðs í vissum tilvikum.

Ábending: Umræddur byggingarsjóður hlýtur að falla undir A-hluta ríkissjóðs. Samkvæmt lögum er A-hluta ríkisaðilum ekki heimilt að taka lán. Fjármálaráðherra fer með allar lántökur fyrir hönd ríkissjóðs A-hluta, sbr. 1. gr. laga nr. 43/1990 um lánasýslu ríkisins:

■ **1. gr.** [[Ráðherra]¹⁾ fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.]²⁾

¹⁾[L. 126/2011, 139. gr.](#) ²⁾[L. 138/2007, 1. gr.](#)

Kveðja
Gunnar H. Hall,
fjársýslustjóri